



Njarðvíkuskóli v/Brekkustíg
sími: 420-3000
Leikskólinn Gimli - Hlíðarvegi 7
sími: 421-5707

Nánari upplýsingar má finna á
heimasíðum skólanna

<http://www.njardvikurskoli.is>

<http://www.gimli.hjalli.is>



2017-2018



Samfella á milli skólastiga

Brúum bilið

Samstarfsverkefni á milli

Leikskólans Gimli
og
Njarðvíkurskóla

► Tengsl á milli skólastiga

Í aðalnámskrám leik- og grunnskóla kemur fram að skylt sé að koma á gagnvirku samstarfi leik- og grunnskóla. Þar er líka tiltekið að leikskólinn sé fyrsta skólastigið. Tilgangurinn með samstarfinu er að auðvelda barni þá breytingu sem verður á lífi þess þegar það fer úr leikskóla í grunnskóla. Mikilvægt er að flutningur yfir í grunnskóla sé vel undirbúinn. Nám barna þarf að vera samfellt. Sú þekking og færni sem börnin öðlast í leikskóla verður sá grunnur sem grunnskólanám byggir á.

Markmiðin með samstarfinu eru

- * að stuðla að vellíðan og öryggi barna við að flytjast á milli skólastiga
- * að efla tengslin milli skólastiga
- * að skapa samfellu í námi og kennslu
- * að koma til móts við þarfir nemenda og stuðla að markvissari uppbyggingu náms á mótun skólastiga
- * að skapa farveg fyrir miðlun upplýsinga á milli skólastiga

3-Gagnkvæmar heimsóknir nemenda

Apríl

-Heimsókn í kennslustund í Njarðvíkurskóla: leikskólanemendur eru með nemendum 1. bekkjar í tvær kennslustundir. Unnin eru skólaverkefni sem þeir taka með sér heim.

Þriðjudagur 26. apríl kl. 9:55-11:15

(1. ÁÁ - 8 nemendur af Gimli)

Þriðjudagur 26. apríl kl. 9:55-11:15

(1. GS - 7 nemendur af Gimli)

Þriðjudagur 26. apríl kl. 9:55-11:15

(1. KK- 5 nemendur af Gimli)

Mái

-iPad kynning: leikskólanemendur koma í heimsókn og fá kynningu á kennsluforritum.

Föstudagur 5. maí kl. 9:55-10:35

-Útikennsla og sameiginleg vogleði (nemendur borða saman hádegisverð)

Föstudagur 25. maí kl. 11:10-13:10



2—Gagnkvæmar heimsóknir nemenda

-----2018-----

Janúar

-**Pemaverkefni:** nemendur 1. bekk og nemendur í skólahópi á Gimli vinna út frá sameiginlegri áætlun verkefni um Vináttu í þrjú daga og kynna afrakstur fyrir hvort öðru.

Tími ákveðinn síðar

-**Comeniusarheimsókn:** nemendur Njarðvíkurskóla heimsækja vini sína á Gimli þar sem þeir fara í val og borða með þeim morgunverð.

Fimmtudagur 18. janúar kl. 8:20-11:00

Fimmtudagur 25. janúar kl. 8:20-11:00

Febrúar

-**Heimsókn í Njarðvíkurskóla:** leikskólanemendur fá kynningu á skólanum, s.s. kennslustofum, salerni, matsal og frístunda-skóla.

Þriðjudagur 20. febrúar kl. 12:30-13:20

-10 nemendur af Gimli

Þriðjudagur 27. febrúar kl. 12:30-13:20

-10 nemendur af Gimli

Mars

-**Heimsókn á bókasafn Njarðvíkurskóla:** nemendur á Gimli koma á bókasafnið í sögustund og skoða bækur.

Föstudagur 16. mars kl. 10:00-11:00

Samstarf

Leikskólinn Gimli og Njarðvíkurskóli

Til að ná markmiðunum þá vinna skólarnir tveir að áætlun sem felur í sér samvinnu beggja skólanna yfir veturinn ásamt nokkrum áhersluatriðum og verkþáttum fyrir hvorn skóla.

Samvinnan byggir á

- * skilafundi að vori frá leikskólanum
- * gerð áætlunar fyrir samstarfi vetrarins að hausti og endurmati að vori
- * upplýsingafundi í október frá grunnskólanum
- * skólakynning að vori frá grunnskólanum
- * gagnkvæmar heimsóknir nemenda og kennara allt skólaárið

► Tengsl á milli skólastiga

Gott samstarf á milli leikskólans Gimli og Njarðvíkurskóla hefur verið frá 1994 en verkefnið „Brúum bilið“ eða Samfella á milli skólastiga hefur staðið óslitið síðan árið 2009 á milli skólanna.

Samstarfið er byggt upp á áhuga og samstarfsvilja milli kennara beggja stofnana og jákvæðni foreldra.

Markvissir fundir og heimsóknir byggja upp traust og vináttu á milli skólastiga, nemendum og kennurum til góðs.

Hver grunnskóli í Reykjanesbæ á sinn heimaleikskóla sem vinna markvisst saman, leikskólinn Gimli er heimaleikskóli Njarðvíkurskóla.

2017-2018

Samstarfsverkefni:

Barnalundur er útvistarsvæði sem skólarnir tóku í fóstur og vinna markvisst að umhverfismennt með nemendum.

Pemaverkefni: Unnið út frá sameiginlegri áætlun skólanna. Pemavinnan fer fram í 3 daga í janúar, síðan er uppskeruhátíð í báðum skólunum.

1- Gagnkvæmar heimsóknir nemenda

September

-**Samvera:** Nemendur í 1. bekk hitta elstu nemendur á leikskólanum á *Degi læsis*.

Föstudagur 8. september kl. 10:00-11:00

-**Vettvangsferð:** Barnalundur heimsóttur í tilefni á *Degi íslenskrar náttúru (16. september)*. Þetta er samstarfsverkefni á milli Gimli og Njarðvíkurskóla. Nemendur frá Gimli sem taka þátt eru bæði á elsta og næst elsta stigi.

Mánudaginn 18. september kl. 12:15-13:15

Október

-**Heimsókn í íþróttir:** leikskólanemendur mæta með íþróttaföt í íþróttatíma með nemendum 1. bekkjar.

Föstudagur 27. október kl. 12:00-12:40

-1. GS 8 nemendur (stúlkur) af Gimli)

Föstudagur 27. október kl. 12:40-13:20

(1. ÁÁ - 7 nemendur (stúlkur) af Gimli)

Mánudagur 30. október kl. 10:35-11:15

(1. KK- 5 nemendur (drengir) af Gimli)

Nóvember

-**Dagur íslenskrar tungu:** leikskólabörn koma í heimsókn og taka þátt í gleðistund á sal með atriði.

Fimmtudagur 16. nóvember, kl. 8:20-9:20

Desember

-**Jólastund á Gimli:** nemendur 1. bekkjar og nemendur í skólahópi á Gimli syngja saman jólalög, skiptast á einu stóru jólakorti, piparkökur og huggulegheit.

Fimmtudagur 14. desember kl. 10:00-11:00